

# MENNINGAR- OG SAFNANEFND

## FUNDUR - 6. apríl 2005

Fundur haldinn í menningar- og safnanefnd miðvikudaginn 6. apríl 2005 kl: 20:00 í Kvennaskólanum á Blönduósi. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar.
2. Staða mála vegna fjölskylduhátíðarinnar *Matur og menning*.
  - a. Skipulag hátíðarinnar.
  - b. Drög að dagskrá.
  - c. Fjármál - kostnaðaráætlun.
3. Staða mála vegna Hillebrandtshúss.
4. Safnamál.
5. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Verkaskipting stjórnar.

*Formaður kemur frá H-lista, Soffía Gústafsdóttir. Varaformaður er Hlíf Sigurðardóttir og mun hún áfram gegna starfi ritara. Meðstjórnandi er Valdimar Guðmannsson. Þessi verkaskipting var samþykkt.*
2. Staða mála vegna fjölskylduhátíðarinnar *Matur og menning*.
  - a. Skipulag hátíðarinnar.

*Rætt um skipulag hátíðarinnar. Nefndin mun halda áfram að vinna að því að ljúka við að móta dagskrána þar sem frá var horfið á fundi 9. mars sl. Einnig var ákveðið að fyrirtækið Matgæði ehf. sæi um þann þátt sem snýr að matarmenningu.*
  - b. Drög að dagskrá.

*Rætt var um að breyting gæti orðið á dagskrá föstudagskvöldsins og mun það nánar liggja fyrir á næsta fundi.*
  - c. Fjármál - kostnaðaráætlun.

*Framlag Blönduósbæjar vegna hátíðarinnar er ein og hálf milljón,-. Áætlaðar aðrar tekjur eru tvær milljónir og sjö hundruð þúsund, samkvæmt fjárhagsáætlun sem lögð verður fram til afgreiðslu.*
3. Staða mála vegna Hillebrandtshúss.

*Ekkert nýtt hefur komið fram í stöðu mála vegna Hillebrandtshússins.*

4. Safnamál.

*Ákveðið að fresta umræðu um safnamál.*

5. Önnur mál.

*Soffía, formaður nefndarinnar ætlar að hafa samband við Hauk Suska Garðarsson og kanna hvort gefa ætti út viðburðardagatal eins og stefnt var að skv. fyrri bókun.*

Fleiri mál ekki tekin fyrir.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Soffía M. Gústafsdóttir (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Hlíf Sigurðardóttir (sign.)